

## HVERNIG SKILGREINUM VIÐ FLÓTTAFÓLK?



Sjá myndskaið: [hér](#)

**Lengd:** 15-20 mínútur.

**Efniviður:** Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni.

Notaðu kennslublaðið til að kenna nemendum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Horfðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

**Markmið:** Að skilja hugtakið “flóttafólk” og hvaða þýðingu það hefur að vera flóttamaður.

**Aldur:** Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

1 : Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skaltu biðja nemendur þína um að ná í blað og penna og gera eftirfarandi verkefni:

**Skrifið þrjár stuttar setningar til þess að útskýra: Hvað skilgreinir flóttafólk?**

2 : Safnaðu saman svörunum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

**Hvaðan kemur flóttafólk?**

**Hvert fer flóttafólk?**

**Hvers vegna kemur fólk á flótta hingað til lands?**

**Er tekið á móti flóttafólki hér á landi?**

**Þekkið þið til flóttafólks hérlandis? Frá hvaða löndum kemur það?**

3 : Lestu eftirfarandi skilgreiningar á flóttafólki fyrir nemendur þína og berðu saman við svör þeirra í fyrsta verkefninu:

1. Flóttamaður er manneskja sem hefur **farið yfir ein alþjóðleg landamæri / er í öðru landi.**
2. Flóttamaður er manneskja sem þurfti að fara frá sínu heimalandi vegna þess að hann/hún var í **hættu** vegna stríðs eða ofsókna.
3. Flóttamaður **getur ekki snúið aftur** heim til sín án þess að vera í hættu

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og fylgist vel með þessum þremur skilgreiningum.

**Ræðið hugtökin “stríð” og “ofsóknir” í ljósi þess sem þið sáuð í myndskaiðinu. Hvers vegna verður fólk fyrir ofsóknum? Hvernig er komið fram við það? Hvað er stríð? Má senda flóttafólk aftur heim til sín?**